



Minnisblað um útboð á fruminnheimtu

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Þann 2. nóvember sl. voru opnuð tilboð í útboði nr. 15646 Fjármálaþjónusta, Innheimtuþjónusta ásamt fruminnheimtu. Alls lögðu þrjár banka inn tilboð þ.e. Íslandsbanki, sem hefur séð um þessa þjónustu fyrir Reykjavíkurborg undan farin sex ár, Landsbankinn og Arion banki. Allir bjóðendur uppfylltu öll hæfnis- og fjárhagsskilyrði.

Innkauparáð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum þann 10. nóvember sl. að semja við lægstbjóðanda, Landsbanka.

Þann 21. nóvember 2022, þegar kærufrestur var liðinn, komst á bindandi samningur á milli Reykjavíkurborgar og Landsbanka þar sem Landsbanki mun sjá um innheimtuþjónustu ásamt fruminnheimtu fyrir Reykjavíkurborg frá 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2030, með heimild til að framlengja samninginn, að fengnu samþykki seljanda, tvisvar sinnum um tvö ár í senn. Heimilt er að segja upp samningi með 6 mánaða fyrirvara, 12 mánuðum eftir að samningur er kominn á.

Óskað var eftir tilboðum í neðangreinda þjónustupætti m.v. áætlaðar magntölur og sendu bankarnir inn eftirfarandi tilboð:

Þjónustuliðir	Fjöldi skv. útboði	Landsbankinn		Arion banki		Íslandsbanki	
		Einingaverð án vsk.	Fjárhæð án vsk.	Einingaverð án vsk.	Fjárhæð án vsk.	Einingaverð án vsk.	Fjárhæð án vsk.
Stofnun kröfu í fyrirtækjabanka	950.000	14 kr	13.300.000 kr	35 kr	33.250.000 kr	18 kr	17.100.000 kr
Krafa greidd í banka	730.000	25 kr	18.250.000 kr	0 kr	0 kr	9 kr	6.570.000 kr
Krafa greidd í beingreiðslu	180.000	20 kr	3.600.000 kr	0 kr	0 kr	9 kr	1.620.000 kr
Niðurfelling kröfu	20.000	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr	18 kr	360.000 kr
Breyting kröfu	55.000	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr	18 kr	990.000 kr
Krafa sett í framhaldsinnheimtu	25.000	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr	80 kr	2.000.000 kr
Birtingar í netbanka	960.000	12 kr	11.520.000 kr	13 kr	12.480.000 kr	22 kr	21.120.000 kr
Innheimtuviðvörðun	32.000	100 kr	3.200.000 kr	150 kr	4.800.000 kr	325 kr	10.400.000 kr
Kröfubréf II fyrir Bílastæðasjóð	5.000	100 kr	500.000 kr	150 kr	750.000 kr	325 kr	1.625.000 kr
			50.370.000 kr		51.280.000 kr		61.785.000 kr

Eins og sjá má er töluverður munur á milli hæsta og lægsta tilboðs eða kr. 11.415.000,- á ári.

Raunkostnaður þjónustunnar í dag er kr. 42.250.000,- ár ári. Ef borin eru saman þau verð sem Reykjavíkurborg er að borga fyrir þessa þjónustu á árinu 2022 má sjá að kostnaður hækkar um kr. 8.120.000. á ári.

Virðingarfyllt,
Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri
Fjármála- og áhættustýringarsvið